


Mathias Halvorsen

píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 1. ágúst 2023 kl. 20:30

Tónleikarnir hefjast á *Píanósónötu 1.X.1905* sem hefur einnig verið nefnd sónatan „af götunni“. Tékkneska tónskáldið Leoš Janáček samdi hana til að minnast verkamanns sem var drepinn í kröfugöngu í Brno árið 1905. Upphaflega samdi hann verkið í þremur köflum, en hann eyðilagði síðasta kaflann áður en það var frumflutt. Sónatan er vitnisburður um fórn verkamannsins og spegilmynd af pólitískri ólgu þess tíma. Tónlistin er mjög svipbrigðamikil, teygð út í ystu æsar, og endurspeglar þá spennu og harmleik atburðarins sem varð kveikjan að þessu verki.

Annað verkið á tónleikunum er *Sónata númer tvö* eftir pólska tónskáldið Grażyna Bacewicz. Grażyna, sem einnig var þekkt sem fiðluleikari, hafði veruleg áhrif á tónlist síns heimalands um miðbik liðinnar aldar. Þessi tvíþætta sérþekking, fiðluleikur og tónsmíðar, auðgaði tónmál hennar eins og heyra má í þessu verki. *Sónatan númer 2* var skrifuð árið 1953 og sýnir hve snilldarlega Grażyna leikur sér að forminu og hinu sérstaka harmoníska tungutaki sínu. Sónatan er í þremur þáttum og sýna þeir hinar mismunandi hliðar á stíl hennar, allt frá kraftmiklum, taktföstum og margslungnum þáttum, til íhugunar og trega – og hún endar með léttum og leikandi lokapætti.

Í lokaverki tónleikanna hættum við okkur inn á svið naumhyggjunnar með *Phrygian Gates* eftir bandaríska tónskáldið John Adams. Þetta verk, sem er um það bil 25 mínútna langt, er sannkallað maraþon stöðugrar hreyfingar í þróun. Sjálfur lýsir Adams verkinu sem „modulating square wave“ þar sem það hringar sig í gegnum hálfan fimmundarhringinn og víxlar á milli frýgíks og lydísks hljómagangs. „Gate“ eða „gáttin“ í titlinum vísar til augnablika víxlananna - hugtak sem sótt er í raftónlist. Þó verkið sé tæknilega erfitt krefur það flytjandann einnig um tilfinningaríkan og seiðandi leik þar sem áheyrendur eru dregnir fram og til baka um mismunandi mynstur tónlistarinnar.

Efnisskrá

Leoš Janáček
1854–1928

Píanósónata 1.X.1905
Fyrirboði
Dauði

Grażyna Bacewicz
1909–1969

Píanósónata númer 2
I Maestoso
II Largo
III Toccata - Vivo

John Adams
1977–1978

Phrygian Gates

Mathias Halvorsen píanóleikari er fæddur í Noregi, lærði í Ósló og í Leipzig og býr nú í Reykjavík með fjölskyldu sinni. Hann kemur reglulega fram víða um Evrópu þar sem hann flytur kammertónlist og leikur einleik auk þess sem hann hefur unnið mikið við tónsmíðar. Árið 2009 uppgötvaði hann handrit af píanókonsert númer 5 eftir norska tónskáldið Halfdan Cleve í Þjóðarbókhöðunni í Ósló og flutti hann með Ríkissinfóníu Litháen.

Síðan 2010 hefur Mathias haldið tónleika sem stofnmeðlimur hljómsveitarinnar LightsOut. Árið 2020 flutti hann G-dúr píanókonsert Ravel með JEB hljómsveitinni í sal Berliner Philharmonie. Í mars 2022 lék hann og hljóðritaði píanókonserta eftir Korngold og Ravel með norsku útvarpshljómsveitinni.

Mathias hefur einnig komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum og hefur meðal annars leikið í Philharmonie de Paris, Elbphilharmonie, Münchner Kammerspiele, Onassis Cultural Centre, Queen Elizabeth Hall og Kampnagel. Frá 2019 hefur hann ferðast um með nýjar uppsetningar fyrir fiðlu og píanó ásamt texta á óperunum La bohème og Tosca. Hann hefur samið tvær óperur og unnið nokkur dans- og leikhúsverk með leikstjóranum og danshöfundinum Laurent Chetouane.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*